

**Nd.**

## **519. Tillaga til þingsályktunar**

um undirbúning kirkjubygginga í Skálholti og á Þingvöllum.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sveinbjörn Högnason, Bjarni Bjarnason.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, í samráði við biskup landsins, undirbúning til endurreisnar kirkjunum í Skálholti og á Þingvöllum.

Skal við undirbúning þennan sérstaklega taka tillit til þarfa safnaðanna og söguhelgi staðanna.

Skulu gerðir uppdrættir og kostnaðaráætlanir að framkvæmdum þessum, og verði þeim lokið fyrir næsta Alþingi.

### **Greinargerð.**

Tveir merkustu staðir íslenzkrar kristni eru vafalítið Skálholt og Þingvellir, en um leið eru þeir einnig merkustu sögustaðir þjóðarinnar allrar. Það lætur því að líkum, að marga fýsir að sjá staði þessa, bæði innlenda menn og erlenda, sem unna sögulegum minjum þjóðarinnar. Enda er ferðamannastraumurinn mikill ár hvert, sem stefnir til þessara staða. — En það er skemmt frá að segja, að hvað Skálholti viðvikur, þá er það einn órækasti vottur um hirðuleysi og skeytingarleysi þjóðarinnar við sögulegar minjar sínar, bæði hvað sögu og kristni landsins viðvikur. Fátt sem ekkert hefur þar verið gert til að vernda söguhelgi staðarins, og þar er nú ein af óásjálegustu sveitakirkjum þessa lands, altarástöflulaus og rúin öllu skrauti og dýrgripum. Þarna stóð áður veglegasta kirkja landsins og höfuðból íslenzkrar kristni um margar aldir. Engin þjóð, sem virðingu ber fyrir sjálfri sér og sögu sinni, myndi þola slíkt hirðuleysi stundinni lengur. Enda segir það sig sjálft, að fátt telja erlendir menn, sem til þessa þekkja, fremur lýsa hirðuleysi þjóðarinnar og ræktarleysi.

Um Þingvelli gegnir nokkuð öðru máli. Þar hefur þegar mikið verið gert til verndar staðnum og helgi hans. En hvað kirkjuna áhrærir má svipað segja og um Skálholt. Hún er hrörleg mjög og í slæmu ástandi og bendir lítt til þess, að þarna hafi ein merkilegasta kristnitaka veraldarinnar farið fram og þjóðin öll samþykkt að hlíta kristnum sið, svo að ein lög og einn siður urðu í landinu. Á Þingvöllum hefur nú verið ákveðinn grafreitir merkustu manna þjóðarinnar, og gerir það auknar kröfur um sémilegt kirkjuhald staðarins.

Af því, sem hér er sagt, má það ljóst vera, að endurreisa verður kirkjurnar í Skálholti og á Þingvöllum svo fljótt sem kostur er. Hins vegar ætlast flutningsmenn þessarar tillögu eigi til þess, að þessar kirkjur verði endurreistar þannig, að þær verði minnismarki ein, sem eytt er til of fjár, en séu utan tengsla hins lífaða lífs, heldur sé miðað við kirkjubörf staðanna, hvors um sig. eins og hún er nú eða líklegt er, að hún verði í framtíðinni, en þess um leið gætt, að öll gerð þeirra og frágangur sé þannig, að þær veki fornar minningar og séu helgi staðanna samboðnar.